

- TRÚNAÐARYFIRLÝSING -

gefin út í tengslum við hugsanleg kaup/tilboðsgerð vegna hlutafjár í félaginu Greiðslumiðlun Íslands ehf.

Útgefandi:	
Kennitala:	
Heimilisfang / aðsetur:	

Trúnaðar- og þagnaskylda

1. Í tengslum við hugsanlegt tilboð og/eða kaup á hlutafé (hér eftir „viðskiptin“), í Greiðslumiðlun Íslands ehf., kt. 570714-1550 (hér eftir „félagið“) mun útgefandi og/eða aðilar á hans vegum, s.s. starfsmenn hans eða ráðgjafar, fá afhentar upplýsingar um félagið og annað sem tengist viðskiptunum. Vegna afhendingar á slíkum upplýsingum, með hvaða hætti sem þær eru veittar, þ.m.t. munnlega, skriflega, rafrænt o.s.frv. lýsir útgefandi því hér með yfir að hann sé bundinn trúnaðar- og þagnarskyldu um allt það er hefur verið og kann að verða upplýst um er varðar félagið, hvort sem er af hálfu hluthafa, ráðgjafa, starfsmanna- og stjórnenda félagsins og/eða annarra aðila sem fram koma fyrir hönd félagsins og hluthafa í tengslum við viðskiptin.
2. Eigendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórnar, starfsmenn, endurskoðendur, ráðgjafar eða aðrir sem að viðskiptunum koma fyrir hönd útgefanda (eftir sem við á) skulu upplýstir um trúnaðaryfirlýsingu þessa og skal séð til þess að slíkir aðilar verði bundnir trúnaði og þagnarskyldu um hverjar þær upplýsingar sem viðkomandi kann að öðlast í tengslum við viðskiptin. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.
3. Vegna framangreinds lýsir útgefandi því hér með yfir, að hann komi til með að meðhöndla öll þau gögn og allar þær upplýsingar sem hann kann að fá afhent í tengslum við viðskiptin sem trúnaðarupplýsingar. Enn fremur lýsir hann því yfir að vera bundinn þagnarskyldu um allt það er varðar hag félagsins og seljendur, sérstaklega það er varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna félagsins, birgja þess eða starfsmenn félagsins, sem og um öll önnur atriði sem hann kann að fá vitneskju um í tengslum við viðskiptin og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Ef útgefandi verður var við slíka skyldu (eða yfirvofandi skyldu) til afhendingar á upplýsingum skal félaginu án tafar upplýst um þær kringumstæður.
4. Ennfremur lýsir útgefandi því yfir að hann muni ekki nýta trúnaðarupplýsingar, sem hann öðlast í tengslum við viðskiptin, sjálfum sér, vandamönnum eða öðrum til fjárhagslegs ávinnings og að hann muni ekki miðla þeim til annarra óviðkomandi aðila, hvorki nú né síðar. Jafnframt lýsir útgefandi því yfir að verði ekkert af viðskiptunum komi hann til með að skila öllum gögnum aftur sem honum verða afhent vegna viðskiptanna eða, ef þess er óskað af hálfu félagsins, ganga úr skugga um að öllum gögnum verði eytt (hvort sem um er að ræða efnisleg, rafræn eða annars konar form gagna/upplýsinga). Framangreind skylda til að eyða gögnum gildir þó ekki um gögn sem útgefandi er lögum samkvæmt skylt að varðveita í eftirlits- og regluvörsluskyni samkvæmt skýlausu lagaboði.
5. Útgefandi er óheimilt að afhenda trúnaðarupplýsingarnar til þriðja aðila. Útgefandi er aftur á móti heimilt að afhenda trúnaðarupplýsingarnar til stjórnar, framkvæmdastjórnar, starfsmanna sinna og ráðgjafa, eftir því sem útgefandi telur nauðsynlegt. Útgefandi skuldbindur sig til þess að takmarka aðgang að

trúnaðarupplýsingunum eins og frekast er unnt og jafnframt sjá til þess að þær verði einvörðungu aðgengilegar þeim aðilum sem nauðsynlega þurfa að kynna sér tilvist og efni þeirra og að engum verði veittur aðgangur að öðrum hlutum trúnaðarupplýsinganna en þeim sem þurfa nauðsynlega að kynna sér efni þeirra.

Áreiðanleiki trúnaðarupplýsinganna

- Útgefandi er meðvitaður um að félagið og ráðgjafar á vegum þessu munu eftir fremsta megni sjá til þess að trúnaðarupplýsingar sem afhentar eru á grundvelli þessarar yfirlýsingar séu sem réttastar, en ábyrgjast ekki að þær séu að öllu leyti sannar, réttar, tæmandi eða fari gegn einkaleyfi eða réttindum þriðja aðila, enda hafi seljendur, félagið eða aðrir aðilar ekki staðreynt sannleiksgildi þeirra sérstaklega. Þá veitir félagið og ráðgjafar á þeirra vegum enga ábyrgð gagnvart útgefanda eða aðilum honum tengdum vegna hvers konar tjóns sem þeir kunna að verða fyrir vegna notkunar á trúnaðarupplýsingum.

Ábyrgð og skaðleysi

- Útgefandi skuldbindur sig til þess að bæta félaginu og/eða öðrum hluthöfum þess allt það tjón sem kann að hljóta af vanefndum útgefanda á trúnaðaryfirlýsingu þessari. Þá nær bótaskylda útgefanda vegna brota á trúnaðaryfirlýsingu þessari einnig til eigenda, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, starfsmanna, endurskoðenda, ráðgjafa og/eða annarra sem að viðskiptunum koma fyrir hans hönd. Um bótaskylduna skal fara samkvæmt reglum um skaðabótaskyldu innan samninga.

Ýmis ákvæði

- Trúnaðarskylda samkvæmt yfirlýsingu þessari tekur gildi við undirskrift og skal gilda í 2 ár frá því að trúnaðaryfirlýsing þessi var undirrituð.
- Um samning þennan gilda íslensk lög og allar málshöfðanir sem leiða af honum skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- Heimilt er að undirrita yfirlýsingu þessa með rafrænum hætti og skal það þá gert með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við lög nr. 55/2019, um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Yfirlýsing þessi er undirritaður af löglegum umboðsmönnum aðila og staðfesta þeir aðilar er rita undir fyrir hönd aðila að hann/þeir hafi til þess fulla heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir viðkomandi aðila til að skuldbinda viðkomandi.

Staður og dagsetning:	
Undirskrift:	
Prentað nafn:	